



**Tíðniheimild Sýnar hf.**  
**á 900 MHz tíðnisviðinu**  
**til útfösunar á eldri farnetstækni**

**11. febrúar 2022**

Með vísan til IV. kafla laga, nr. 81/2003, um fjarskipti og ákvæða reglugerðar, nr. 1047/2011, um skipulag og úthlutun tíðna í fjarskiptum hefur Fjarskiptastofa (FST) ákveðið að Sýn hf. hafi heimild til notkunar á tíðnum á 900 MHz tíðnisviðinu fyrir farnetsþjónustu eins og það er nánar ákvarðað í eftirfarandi ákvæðum og með þeim skilyrðum sem þar greinir. Tíðniafnotin eru tæknilega hlutlaus.

**1 gr.  
Umfang**

Sýn hf., kt. 470905-1740, (hér eftir nefnt leyfishafi) fær hér með veitta áframhaldandi heimild til notkunar á tíðnum fyrir farnetsþjónustu á 900 MHz tíðnisviðinu að því marki og með þeim skilyrðum sem fram koma í heimild þessari.

Heimildin tekur til uppsetningar og starfrækslu radíóstöðva, skiptistöðva og annars nauðsynlegs búnaðar í þeim tilgangi að veita farnetsþjónustu.

**2. gr.  
Staðlar**

Allur kerfisbúnaður farnetsins og þjónustu skal vera í samræmi við viðurkennda staðla sem í gildi eru hverju sinni í þeirri mynd sem ETSI birtir þá.

**3. gr.  
Notendabúnaður**

Leyfishafi skal hvorki beint né óbeint gera kröfur til notendabúnaðar sem eru frábrugðnar viðurkenndum stöðlum, sbr. 3. gr.

**4. gr.  
Höfnun á hringingum**

Leyfishafi getur hafnað hringingum til og frá netinu frá farsínum sem valda truflunum í því. Einnig getur leyfishafi hafnað hringingum til og frá stolnum farsínum.

**5. gr.  
Notkun tíðnisviðsins og lágmarks gæðakröfur**

Tíðnisviðið skal notað fyrir þráðlausa farnetsþjónustu. Þjónustan skal vera í samræmi við staðla og skilgreiningar sem fram koma í gögnum frá ETSI, 3GPP og gildandi skilyrði frá CEPT ásamt ESB tilskipun 2009/114/EC, sbr. ESB ákvörðun 2009/766/EC.

Mælingar á útbreiðslu

Við mælingar og mat á útbreiðslu mun FST beita viðurkenndum aðferðum sem almenn samstaða verður um innan CEPT. Verður einkum stuðst við þær aðferðir sem eru skilgreindar í ECC skýrslu, nr. 103 (Report 103), (UMTS COVERAGE MEASUREMENTS).

Við mælingar á útbreiðslusvæðum skal styðjast við eftirfarandi gildi:

*Fyrir GSM*

Útbreiðsla í þéttbýli: Móttökustyrkur skal vera jafn eða meiri en -75 dBm í 95% mæligilda.

Útbreiðsla í dreifbýli: Móttökustyrkur skal vera jafn eða meiri en -95 dBm í 95% mæligilda.

#### *Fyrir UMTS*

Útbreiðsla í þéttbýli: Móttökustyrkur skal vera jafn eða meiri -85 dBm

Útbreiðsla í dreifbýli: Móttökustyrkur skal vera jafn eða meiri -100 dBm

#### Mælingar á nýtingu tíðnisviðsins

Í því skyni að koma á laggirnar heildstæðri aðferð til mælingar á umferð í kerfinu áskilur FST sér rétt til að leggja fram áætlun um hvernig mæla megi á reglubundinn hátt álagið á annatíma á afmörkuðu þjónustusvæði og hvernig nota megi umrætt gildi til að reikna út nýtni úthlutaðs tíðnisviðs.

FST getur farið fram á að leyfishafi breyti tæknieiginleikum sem tengjast tíðniúthlutun, þ.m.t. staðsetningu loftneta, í því skyni að efla hagkvæmni í tíðninotkun eða til þess að draga úr truflunarvanda. FST skal í samráði við leyfishafa leitast við að halda kostnaðarþætti vegna slíkra breytinga í lágmarki.

Leyfishafi skal fyrir eigin reikning hlíta fyrirmælum FST um að bæta úr innri og ytri truflunarvanda sem hlýst af farnetinu.

Notkun tíðna skal lúta gildandi úrskurðum og tilmælum CEPT.

#### **6. gr.**

#### **Neyðarhringingar**

Neyðarhringingar skulu afgreiddar án tillits til þess hvort notendakortið (SIM kort) er í farsímanum og án tillits til stöðu áskriftarkortsins. Leyfishafi skal ekki gjaldfæra símtöl úr farsínum í neyðarnúmerið 112.

#### **7. gr.**

#### **Úthlutun tíðna og samnýting tíðna**

Leyfishafa er úthlutað tíðnum fyrir GSM/UMTS 900 farsímanet sín tíðnisviðinu 930-935 MHz fyrir móðurstöðvar 885-890 MHz fyrir farsíma.

Í þeim tilgangi að stuðla að hagkvæmri uppbyggini háhraðanetsþjónustu er Sýn hf. heimilt að samnýta tíðnir samkvæmt heimild þessari með tíðnum Nova ehf., sem jafnframt er heimilt að samnýta, þannig að samnýtt burðarbylgja verði að hámarki samtals 20 MHz.

#### **8. gr.**

#### **Skylda um upplýsingagjöf vegna gagnagrunns FST**

Í sambandi við veitingu leyfis vegna tækjabúnaðar og úthlutun á tíðnum, sbr. 1. gr. skal leyfishafi í umsóknum sínum veita allar tæknilegar upplýsingar um tíðni, sendistyrk, loftnet (staðsetningu, hæð og tegund) o.s.frv., sem óskað er eftir.

FST getur gert kröfur um breytingar á framangreindum stærðum, þar á meðal staðsetningu loftnets, til að mynda í því skyni að girða fyrir vanda vegna truflana.

**9. gr.  
Truflanir**

Leyfishafi er ábyrgur vegna radióstöðva í farsímakerfi sínu, sem kunna að valda truflunum og hafa áhrif á rekstur annarra aðila og ber leyfishafi ábyrgð á því tjóni sem þær geta valdið.

FST getur gert kröfur um breytingar á búnaði í því skyni að koma í veg fyrir vanda vegna truflana. Leyfishafi skal fyrir eigin reikning hlíta fyrirmælum FST um að bæta úr truflanavanda sem stafar af búnaði þess.

FST getur látið innsigla fjarskiptavirkni, sem valda skaðlegum truflunum eða bannað notkun þeirra, sbr. 64. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003. Leyfishafi skal bera ábyrgð gagnvart notendum sínum að því er varða truflanir innan farsímakerfis.

**10. gr.  
Skilyrði vegna útgeislunar og umhverfis**

Leyfishafi skal sjá til þess að rafsegulgeislun frá búnaði á vegum hans séu innan þeirra marka sem tilgreind eru í leiðbeiningum gefnum út af ICNIRP, um rafsegulgeislun eða í samrænum við viðmið sem eru í íslenskum reglum eða lögum.

Leyfishafi skal sjá til þess að búnaður á vegum hans sé ekki settur upp eða rekinn á stað með þeim hætti sem veldur því að samanlögð rafsegulgeislun á þeim stað fari yfir þau mörk sem tilgreind eru með leiðbeiningum ICNIRP og eða eru sett í íslenskum reglum og lögum. Uppsetning og frágangur búnaðs leyfishafa skal vera í samræmi við tilmæli alþjóðafjarskiptasambandsins ITU-K.52.

Ef í ljós kemur að rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum er yfir viðmiðunarmörkum sem tilgreind eru í tilmælum ICNIRP, reglum eða viðeigandi íslenskum stöðlum skal leyfishafi bæta úr því án tafar eða að öðrum kosti hætta notkun viðkomandi fjarskiptavirkis.

Ef samanlögð rafsegulgeislun frá fjarskiptavirkjum sem staðsett eru nálægt hvort öðru fer yfir viðmiðunarmörk, án þess að nokkur einstakur búnaður fari yfir mörkin, skal sá leyfishafi sem síðast setti upp búnað bæta úr ástandinu með því að tryggja að almenningur hafi ekki aðgang að svæðinu eða hætta notkun hans.

**11. gr.  
Framsalsbann**

Heimildin er ekki framseljanleg hvorki að hluta né í heild.

**12. gr.  
Breyting á ákvæðum heimildarinnar**

FST skal heimilt að breyta ákvæðum í heimild þessari til samræmis við breytingar á lögum og reglum og þegar alþjóðasamningar gefa tilefni til slíks. Nýtt gjald skal ekki tekið við slíka breytingu. Leiði breytingar á gildistíma heimildarinnar til skerðinga á réttindum leyfishafa samkvæmt heimild þessari öðlast það ekki rétt til skaðabóta vegna slikra skerðinga.

**13. gr.  
Útfösun á eldri farnetstækni og kvöð um samnýtingu**

Tíðniheimild þessi byggir á þeirri forsendu að tíðnin sé notuð til að fasa út eldri farnetstækni (GSM og 3G) á skilvirkan og hagkvæman hátt. Útfösun skal lokið fyrir lok gildistíma tíðniheimildarinnar í samræmi þá áætlun sem FST hefur unnið með farnetsrekendum og birt opinberlega.

Tíðniheimildin er bundin þeirri kvöð að leyfishafi heimili Nova ehf. að samnýta tíðnisviðið vegna útfösunar til jafns við leyfishafa í samræmi við það samkomulag sem aðilar hafa gert sín í millum, þ.m.t. um verðlagningu og tæknilega útfærslu samnýtingarinnar. Leyfishafi samþykkir og skuldbindur sig til að una úrskurðarvaldi FST ef upp kemur ágreiningur milli aðila um framkvæmd samnýtingarinnar, en takmarkar þó ekki rétt leyfishafa til að bera niðurstöðu FST undir úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála og/eða dómstóla. Það sama á við um kæruleiðir Nova ehf.

#### 14. gr.

##### Afturköllun

FST getur afturkallað heimild þessa ef leyfishafi stendur ekki í skilum með greiðslur vegna rekstrargjalfa eða annarra gjalda, er veitt heimild til greiðslustöðvunar eða verður úrskurðaður gjaldþrota. Sama gildir ef forsendur um samnýting vegna útfösunar GSM og 3G ganga ekki eftir að mati stofnumarinnar og leyfishafa hafi áður verið gefinn kostur til þess að bæta úr þeim atriðum sem Fjarskiptastofnun telur ábótavant. Afturköllun tíðniheimildar verður þó ekki beitt ef leyfishafi hefur boðið Nova ehf. málefnalegan og sanngjarnan aðgang eða forsendur samnýtingar ganga ekki eftir af ástæðum eða atvikum sem ekki má rekja til leyfishafa. Að öðru leyti skulu gilda ákvæði 73. gr. laga um fjarskipti, nr. 81/2003, um afturköllun og málsméðferð vegna hennar.

#### 15. gr.

##### Gildistími og sérstakar forsendur

Heimild þessi fyrir tíðnisviðið 885-890/930-935 MHz gildir til og með 31. desember 2025.

Tíðniúthlutun þessi fer fram samkvæmt sérstökum tilgangi og forsendum, sbr. skilyrði sem rakin eru í 13. gr. tíðniheimildarinnar. Því skapar úthlutunin ekki rétt til endurnýjunar á gildistíma tíðniheimildarinnar í samræmi við meginreglu 32. gr. reglugerðar nr. 1047/2011 um skipulag og úthlutun tíðna.

Fjarskiptastofa, 11. febrúar 2022

  
Björn Geirsson, f.h. forstjóra

  
Þorleifur Jónasson

## Viðauki 1

Þjónustusvæði Vodafone sbr. vefsíðu [www.vodafone.is](http://www.vodafone.is) 14. febrúar 2012

